

## **Efni: Umsögn um þingmál 543, frumvarp til breytinga á lögum um velferð dýra.**

Hæstvirt atvinnuveganefnd.

Undirritaður hefur komið að landbúnaði og matvælaframleiðslu með marvíslegum hætti á undanförunum árum, m.a. sem blaðamaður, sjónvarpsþáttaframleiðandi, ráðgjafi við innlend og erlend fyrirtæki, háskólakennari í markaðssetningu matvæla og framkvæmdastjóri fjögurra samtaka og fyrirtækja bænda - auk þess að hafa fyrstur Íslendinga lokið meistaraþráðu í markaðssetningu og matarmenningu frá University of Gastronomic Science á Ítalíu.

### **Samfélagsábyrgð í verki**

Á Íslandi eru tugir fyrirtækja sem flokka má sem afurðafyrirtæki í landbúnaði. Hér er átt við mjólkurbú og -framleiðslufyrirtæki, stór og smá sláturhús, kjötvinnslur, ullarfyrirtæki og svo mætti áfram telja. Undirritaður þekkir vel til margra þessara fyrirtækja og flest leggja þau mikla áherslu á fagmennsku og gæði. Sum þeirra hafa gengið á undan með góðu fordæmi í umhverfismálum, eins og til að mynda Sölufélag garðyrkjumanna, sem hefur kolefnisjafnað allan flutning frá bónda í búð. Vel færi á því að aðrir myndu fylgja því fordæmi og undirritaður hefur hvatt til þess í ræðu og riti, auk þess að hafa komið að undirbúningi slíkra verkefna sem ráðgjafi fyrir tiltekin fyrirtæki.

Sum þessara afurðafyrirtækja hafa sýnt umhverfisábyrgð á annan hátt. Sláturfélag Suðurlands var í forystu þeirra sem hættu að flytja inn fóðurbæti sem innihélt afurðir stórtæks eiturefnalandbúnaðar þar sem Roundup illgresiseyðir er notaður í óhóflegu magni. Eftir að sauðfjárþændum tókst að fá í gegn bann við notkun á slíkum afurðum í sínum ranni hefur innflutningur á þeim dregist verulega saman. Nú er svo komið að hljómgrunnur virðist víða við að setja blátt bann við notkuninni og undirstrika þar með enn betur hreinleika og sérstöðu íslensks landbúnaðar. Það myndi styrkja stöðu íslenskra bænda, sjávarútvegs og ferðaþjónustu.

### **Dýravelferðarsamningar í íslenskum landbúnaði**

Nú færast í vöxt að erlendar afurðastöðvar geri sérstaka dýravelferðarsamninga við þá bændur sem þær eiga í viðskiptum við. Undirritaður vann meðal annars að verkefni fyrir ítalska matvælafyrirtækið Ferrero sem vinnur að slíku verkefni í samvinnu við stóran hóp ítalskra mjólkurbænda. Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar í þessa veru hér með verkefnum eins og gæðastýringu í sauðfjarrækt og fyrirmyndarþúum kúabænda. En það er enn sem komið er aðeins eitt íslenskt afurðafyrirtæki sem gerir velferðarsamninga við alla sína bændur.

Um er að ræða líftækniyrirtækið Ísteka ehf. sem vinnur lyfjaefni úr hryssublóði. Það er til mikillar fyrirmyndar þegar kemur að dýravelferð, enda blóðtakan öll undir eftirliti dýralækna og Matvælastofnunnar og úrvinnslan undir ströngustu alþjóðlegu lyfjastöðlum. Þótt dýravelferð sé almennt með ágætum í íslenskum landbúnaði, enda lög og reglur hér með þeim

ströngustu í heimi, væri það greininni efalaust til framdráttar ef slíkir dýravelferðarsamningar milli bónda og afurðafyrirtækis yrðu að meginreglu.

Í ljósi framansagð liggur ljóst fyrir að umrætt frumvarp hefði líklegast þau áhrif að draga úr almenntri dýravelferð á Íslandi, frekar en að bæta hana, þar sem einstakt fyrirmyndarfyrirtæki hvað varðar dýravelferð yrði að hætta starfsemi.

Sem fyrr segir er þetta eina afurðafyrirtækið í íslenskum landbúnaði sem hefur slíka samninga við bændur að reglu. Það væri því undarlegt að dýravelferðarsamningum á Íslandi myndi fækka úr 100 í 0. Réttara væri að búa til lagaramma sem hvetur til fjölgunar dýravelferðarsamninga.

Undirritaður leggst því eindregið gegn því að umrætt þingmál 543 verði að lögum.

Virðingarfyllt,

Svavar Halldórsson.

Kríuási 21.

221 Hafnarfirði.

[svavar@rabb.is](mailto:svavar@rabb.is)